

Efnahagsreikningur þessi og meðfylgjandi tekju- og gjaldareikningur Áhafnadeildar Alfatryggingasjóðs eru samdir af okkur eftir bókum deildarinnar, sem við höfum endurskoðað.

Við höfum fullvissað okkur um að tilgreindar bankainnstæður eru fyrir hendi.

Við höfum sannreynt viðskiptastöðu Áhafnadeildarinnar við Ríkissjóð Íslands pr. 31. desember 1971.

Reykjavík, 17. nóvember 1972.

Björn Steffensen og Ari Ó. Thorlacius, endurskoðunarstofa.

*Guðni S. Guðafsson.*

Í stjórn.

Már Elísson.	Tryggvi Helgason.	Sigfús Bjarnason.
Ingimar Einarsson.	Ingólfur Arnarson.	Ágúst Flygenring.
	Örn Steinsson.	

Nr. 363.

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Fiskimannasjóðs Kjalarnessþings árið 1972.

### Tekjur :

1. Eign frá fyrra ári:			
a. Verðtryggð spariskírteini A 05609—A 05610, B 2486—B 02487, C 00010 og C 02191 frá 1964	kr.	25 000.00	
b. Vextir af sömu skírteinum til 10/1. 1971 ....	—	13 850.00	
c. Verðtryggð spariskírteini 1969 1. fl. I nr. B 01002—B 01007 .....	—	60 000.00	
d. Vextir af sömu skírteinum frá 20/2. 1970 til 20/2. 1971 .....	—	3 000.00	
e. Innstæða í sparisjóðsbók nr. 21871 í Landsb. ..	—	16 777.00	
			kr. 118 627.40
2. Vextir:			
a. Af verðtryggðum spariskírteinum 1. fl. 1969 frá 20/2. 1971 til 20/2. 1972 .....	kr.	3 150.00	
b. Af sparisjóðsinnstæðu .....	—	906.40	
			— 4 056.40
3. Vísitöluuppót af verðtryggðum spariskírteinum kr. 25.000 frá 1964 innlestum 1972 Fskj. 1 .....	—	57 040.00	
			Samtals kr. 179 723.80

## G j ö l d :

1. Greiddur styrkur til 13 ekkna. Fskj. 2—6 .....	kr.	6 500.00
2. Eign í árslok:		
a. Verðtryggð spariskirteini 1969 1. fl. I nr. B 01002—B 01007 .....	kr.	60 000.00
b. Vextir af sömu skirteinum frá 20/2. 1970 til 20/2. 1972 .....	—	6 150.00
c. Verðtryggð spariskirteini 1. fl. 1972 nr. C 00016 og 17, keypt 1972. Fskj. 7 .....	—	100 000.00
d. Innstæða í sparisjóðsbók nr. 21871 í Landsb. ..	—	7 073.80
		<hr/>
		— 173 223.80
		<hr/>
	Samtals kr.	179 723.80

Tollstjórinn í Reykjavík, 31. desember 1972.

Torfi Hjartarson.

Nr. 364.

## A U G L Ý S I N G

## um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 31. desember 1972 og innheimta á árinu 1973 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- Með 140% viðauka leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekju-lögum nr. 104/1965.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en brot úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

*Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1972.*

F. h. r.  
Jón Sigurðsson.

*Kristján Thorlacius.*